

Nd.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir B. 101 kemur nýr liður:

Klúkuvegur: Frá Hjarðardalsvegi í Valþjófsdal upp dalinn, yfir Klúku og á Ingjaldssandsveg á Sandsheiði.

2. Á eftir B. 106 kemur nýr liður:

Hokinsdalsvegur: Af Arnarfjarðarvegi um Mosdal, hjá Laugabóli til Hokinsdals.

3. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 kemur: um Álftamýri til Stapadals.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að þrír stuttir vegir í Vestur-Ísafjarðarsýslu verði teknir í þjóðvegatölu. Varða þessir vegir atvinnu- og markaðsmöguleika bænda á þessum svæðum og stuðla því að sjálfsögðu að jafnvægi í byggð landsins eins og fleira, sem gert er til þess að efla atvinnumöguleika í dreifbýlinu.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk bænda á hlutaðeigandi svæðum.